

24. ágúst 2011

Fundur nr. 60

Fundur haldinn hjá UMFÞ miðvikudaginn 24. ágúst 2011 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Kristján Árnason, Heiða Elísdóttir, Sandra Helgadóttir, Björn Sæbjörnsson og Inga Sigrún Atladóttir framkvæmdarstjóri.

1. Fundagerð síðasta fundar

Framkvæmdarstjóra falið að athuga hvort að manneskja verði að fylgja með salnum þegar uppskeruhátíðin verður haldin.

Stjórnin skoðaði einnig fjárhagsáætlunina fyrir næsta ár og lagði inn þá athugasemd hvort að vert væri að breyta tímabili áætlunarinnar frá september til ágúst í stað janúar til desember. Þetta verður skoðað nánar síðar.

2. Heimasíða

Nýja heimasíðan er alveg að verða tilbúin og er áætlað að hún verði komin í notkun 1. september næstkomandi.

3. Bæklingur

Aga- og síðareglur voru samþykktar og einnig eineltisáætlunin. Lagt var til að agareglurnar verði hengdar upp víða um íþróttahúsið til að hafa þær sem sýnilegastar.

4. Þjálfarar mæta til að undirrita samninga

Þeir þjálfarar sem voru boðaðir á stjórnarfund voru Magnús Hauksson júdo þjálfari og Rebekka Magnúsdóttir sem mun vera með sunnið og íþróttaskólann. Samningar þeirra voru undirritaðir. Einnig var lögð áhersla á að þjálfarar verði að fara niður í grunnskólann og kynna íþrótt sína vel fyrir nemendum skólans síðustu vikuna í september áður en æfingar hefjast.

5. Önnur mál

Það þarf að ræða við Vignir yfirþjálfara og kynna fyrir honum tillöguna um að hafa íþróttadag áður en íþróttatímabilið byrjar til þess að vekja upp áhuga hjá börnunum og fá inn fleiri iðkendur.

Rúnar Freyr Sævarsson er hættur í stjórn þróttar og Dagbjört Ásgeirsdóttir mun koma í hans stað.

Ákveðið var að bæta við batmintoni sem íþróttagrein fyrir börnin og mun Sandra Helgadóttir þjálfna þá grein.

6. Ráðningasamningur framkvæmdastjóra

Sigríður Vigdís Þórðardóttir (Sigga Vigga) hefur verið ráðin sem framkvæmdastjóri þróttar og mun taka við af Ingu Sigrúni Atladóttur 1. september næstkomandi. Sigríður verður boðuð á næsta fund til þess að undirrita starfssamning.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 21:10